

4. fundur skólanefndar

Mættir:	Arnpór Sigurðsson, Finnur Beck, Flosi Eiríksson formaður, Gunnar Þór Gunnarsson fulltrúi foreldra, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Sigurður Konráðsson og Þóra Elfa Björnsson.
Forfallaðir:	Metúsalem Björnsson fulltrúi nemenda vegna undirbúnings fyrir próf.
Staður:	V24
Tími:	Kl. 12:00-13:00 <u>Dags.: 4. desember 2013</u>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.	FE	
1.	Fundur með mennta- og menningarmálaráðuneyti		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari greindi frá fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 3. desember. Auk skólameistara mætti Finnur Beck fyrir hönd skólanefndar. Skólameistari dreifði minnisblaði sem lagt var fyrir fulltrúa ráðuneytisins. Fjárframlög ríkisins hafa engan vegin fylgt almennum hækkunum. Þá hefur skólanum enn verið gert að auka sértekjur og hefur aukningin verið um 60% frá árinu 2011. Þetta er útilokað m.a. vegna þess að verkefnið Nám er vinnandi vegur fellur niður frá vori 2014. Eignakaup hafa dregist verulega saman og eru nú nánast engin. Ljóst er það mun valda vandræðum inna tíðar.</p>	MF	40 mín.
2.	Rekstraráætlun 2014 – 1. drög		
	<p>Skólmeistari dreifði fyrstu drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2014. Vaxandi halli hefur verið á rekstri skólans undanfarin ár og því óhjákvæmilegt að skerða þjónustu. Minnka verður námsframboð eða fella niður kennslu í einhverjum greinum miðað við þau framlög sem skólinn fær samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2014.</p>	MF	10 mín.
3.	Innritunargjöld vorannar 2014	MF	5 mín.
	<p>Skólameistari lagði fram tillögu að skólagjöldum á vorönn 2014. Engin breyting er frá síðustu önn. Skólanefnd lýsir ánægju með að gjöld skuli standa í stað og gerir ekki athugasemd við tillögu skólameistara. Arnþór Sigurðsson tekur fram að hann telji að ekki eigi að innheimta skólagjöld í framhaldsskólum og situr hjá við afgreiðslu málsins</p>		
4.	Önnur mál	MF	5 mín.

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	a) Útskrift verður föstudaginn 20. desember. Skólanefnd er boðið að vera við útskriftina. b) Upplýsingatækiniver. Rætt um nýja upplýsingatækniverið sem er greinilega vel heppnað og er mikið notað.		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00	FE	

Sigurður Konráðsson

ritaði fundargerð

Uppfært miðvikudagur, 04 desember 2013 12:06